

Skólaráðsfundur 2. nóvember 2022

Fundinn sátu:

Vildís Björk Bjarkadóttir, Lilja Gunnlaugsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Markús Máni Gröndal, Hulda Þórey Halldórsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

A - álman.

Lauslega rætt um ályktun frá síðasta fundi um A-álmuna, sem búið er að senda til fræðslunefndar. Innan skólans hefur komið fram ósk um skoðun á A-álmunni með tilliti til heilsufars þeirra sem nota álmuna, s.s. myglupróf. Það mál verður sett í ferli.

Starfsáætlun skólans.

Óskar kynnti starfsáætlun skólans fyrir skólaráði. Rætt var um ýmsa þætti sem þar eru nefndir.

Farið var yfir hvernig til hefur tekist með úthlutun námsgagna sem nemendur fá nú frítt í skólanum. Á

Umræða um sundkennslu og möguleika á annars konar skipulagi en nú er, þ.a nemendur geti útskrifast fyrr úr sundi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í vetur var gerð tilraun með að setja sund inn í töflu hjá 1. og 2. bekk í stað sundnámskeiðs haust og vor, hefur það gefist vel til þessa og verður skoðað eftir veturinn hvort framhald verður á.

Önnur mál.

- Umræða um viðburðadaga, s.s. hrekkjavökubúningadag sem var í gær og heppnaðist mjög vel með almennri þátttöku nemenda og starfsmanna.
- Maraþon 10. bekinga verður í næstu viku 9. - 10. nóv. Eins og verið hefur undanfarin ár kaupir foreldrafélagið maraþonboli handa öllum nemendum á yngsta stigi og styrkir fjáröflun 10. bekinga um leið.
- Lestrarkennsla og lesfimiþróf. Rætt um umræðuna í samfélaginu og birtingarform niðurstaðna. Í Árskóla er lögð mikil áhersla á lesskilning og lesfimiþrófin eru einungis hluti af þeim gögnum sem safnað er um lestur nemenda.
- Spurt var um útikennslu og hvort ekki væri æskilegt að setja hana inn í skipulag hjá öllum árgöngum. Útikennsla, sem fléttuð er inn í allar námsgreinar, er nú kennd í öllum árgöngum á miðstigi og hefur gengið mjög vel.
- Nokkuð hefur verið um uppsagnir vegna óánægju með hádegismatinn sem eldaður er utan skólans. Matarmálin eru í stöðugri vinnslu með þeim sem elda hádegismatinn. Matseðlar eru yfirfarnir af matráðum Árskóla og leikskólans.
- Skemmtilegt samfélagsverkefni er í gangi á yngsta stigi þar sem Sauðárkróksbakarí hefur boðið 1. - 4. bekk upp á að koma í bakaríið, kynnst starfsemi og baka

smákökur á staðnum. Tengiliðir í bekkjunum taka þetta verkefni að sér, en það fer fram utan skólatíma.

- Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn mánudaginn 7. nóvember kl. 17:00. Fundurinn er fyrir alla foreldra, en sérstaklega er óskað eftir að foreldratengiliðir í bekkjum mæti.